

34. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaútlutningsskýrslur.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Fiskifélag Íslands skal safna skýrslum um útlutning á allskonar sjávararafurðum.

2. gr.

Fiskifélagið gefur út á mánuði hverjum skýrslur um útlutninginn; nær skýrslugerð þessi aðeins til magns vörunnar, nema öðruvísi sé ákveðið. Á skýrslum þessum skal tilgreina, hvert varan er flutt.

Félagið skal samtímis birta yfirlit um fiskbirgðir í landinu.

3. gr.

Til skýrslugerðarinnar skal afla þeirra gagna, sem hér segir:

Saltfiskur verkaður og óverkaður:

Yfirfiskimatsmenn skulu afhenda Fiskifélaginu afrit af hverju farmskirteini fiskjar, sem matsmaður hefir ritað á vottorð. Þessi afrit skulu þeir senda með fyrstu ferð og jafnframt fela undirmatsmönnum, sem undirskrifa í umboði þeirra, að gera hið sama.

Á afriti farmskirteinis skal tilgreina ákvörðunarstað vörunnar. Ef hann er ekki tilgreindur, skal sendandi tilkynna félaginu svo fljótt sem unnt er, hver viðtökustaðurinn varð.

Ísfiskur, ísuð síld og ísuð hrogn:

Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda félaginu afrit af sölu-reikningi með tilgreindu vörumagni og verði.

Á reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur er þeirri stofnun, sem fjallar um innflutningsskýrslur í hlutaðeigandi landi.

Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína erlendis síma Fiskifélaginu magn aflans þegar er salan hefir farið fram, frá Bretlandi það

magn í enskum vættum (cwts.), sem tilkynnt er fiskimálaráðuneyti þar, en frá öðrum löndum þunga, talinn í kg.

Nú er varan seld beint af framleiðendum í erlend skip, sem kaupa fyrir eigin reikning, og skulu þá umboðsmenn hins erlenda skips gefa skýrslu um vörumagn og verð, sundurliðaða á þann hátt, sem félagið fyrirskipar.

Af öllum öðrum sjávarafurðum eða vörum, sem að nokkru eða öllu leyti eru unnar úr þeim, skal lögreglustjóri á útflutningsstaðnum halda eftir einu eintaki af útflutningsskýrslu um vöruna og senda Fiskifélaginu með fyrstu ferð.

4. gr.

Nú er ákvörðunarstaður vörunnar ekki nægilega ákveðinn eða upplýsingar þær, sem í farmskirteininu felast, ekki fullnægjandi, og getur þá Fiskifélagið krafðið útflytjandann um frekari upplýsingar, og skal honum skylt að láta þær í té, að svo miklu leyti sem hann getur.

5. gr.

Nú þarf Fiskifélagið að safna upplýsingum um birgðir, sem til eru í landinu af einhverjum þeim afurðum, er um getur í 1. gr., og skal þá eiganda eða umráðamanni vörunnar skylt að láta félaginu eða umboðsmönnum þess í té, svo fljótt sem auðið er, skýrslur um þær birgðir, sem hann hefir umráð yfir.

6. gr.

Fiskifélaginu er skylt að láta útgerðarmönnum og kaupþýslumönnum í té vitneskju um útflutning og birgðir af vörum þeim, sem það safnar skýrslum um. Þó skal það ekki gefa upplýsingar um útflutning eða birgðir einstakra manna eða félaga, nema með leyfi þeirra eða eftir dómsúrskurði.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum, skuli einnig ná til verðmætis vörunnar, og einnig sett nánari ákvæði um framkvæmdir laga þessara, ef þurfa þykir.

8. gr.

Gefi nokkur visvitandi ranga skýrslu, skal hann sæta refsingu samkv. 156. gr. alm. hegningarlaga frá 1869.

Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu, sem Fiskifélagið hefir krafði um, setur félagið honum hæfilegan frest til þess að hafa skilað skýrslunni, en að frestinum liðnum má þröngva honum til þess með dagsektum, 20—100 kr. á dag.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Mál út af öðrum brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er því nær samhljóða frumvarpi sem flutt var á síðasta Alþingi af sjávarútvegsnefnd neðri deildar (þingskj. 120) og fylgdi því greinargerð, sem prentuð er sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk Fiskifélags Íslands, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt það, að nauðsynlegt er að koma skýrslugerð vorri í hagnýtara form en nú er, að minnsta kosti að því er útflutningsskýrslur ýmissa sjávarafurða snertir.

Auk þess eru viðskipti þjóðanna meir og meir að færast inn á þær brautir, að þær gera að meira eða minna leyti kröfur til gagnkvæmra viðskipta. Það er því nauðsynlegt að hafa við hendina aðgengilegar mánaðarskýrslur yfir helztu útflutningsvörur vorar og til hvaða landa þær eru fluttar.

Að visu er hægt að fá þessar upplýsingar úr verzlunarskýrslum hagstofunnar, en þær skýrslur koma ekki út fyrr en eftir svo langan tíma, að þær koma daglegu viðskiptalífi ekki að gagni.

Það er því ekki hægt að komast hjá því að hafa auk skýrslna hagstofunnar fljótverkara og handhægara skýrlufyrirkomulag, sem jafnframt sýnir, að svo miklu leyti sem unnt er, birgðir sömu vörutegunda, sem til eru í landinu.

Nú hefir Fiskifélaginu verið falið með lögum nr. 26/1925 að safna skýrslum um allan fisk, sem veiddur er hér við land og ætlaður er til útflutnings, og er því eðlilegast, að því sé jafnframt falið að safna bráðabirgðaskýrslum um útflutning og birgðir, enda eiga vörubirgðirnar á hverjum tíma að vera mismunurinn á útflutningi og afla eða framleiðslu einhverrar vörutegundar, að viðbættum þeim birgðum, sem til voru í landinu um síðustu áramót.

Þrátt fyrir það, þó að skýrslur þessar samkvæmt eðli sínu geti aldrei orðið nákvæmlega réttar, þá geta þær samt verið mjög nærri sanni og því mikil hjálp fyrir framleiðendur og útflytjendur til þess að ákveða verð vörunnar og gera viðskiptin öruggari.

Auk þessa hafa nú á þessu ári verið gerðir mjög þýðingarmiklir viðskiptasamningar við sumar helztu viðskiptaþjóðir vorar, og líkindi til, að samningaumleitanið verði bráðlega hafnar við fleiri þeirra. Það er því alveg bráðnauðsynlegt, að vér höfum skýrslugerð vora svo í lagi, að hún geti orðið samningsmönnum vorum sem mestur stuðningur og létt þeim starf þeirra, en þessar skýrslur eða upplýsingar voru því miður í mjög ófullkomnu lagi síðastliðið ár, eða fram að þessum tíma, og munu samningamenn vorir, t. d. þeir, sem við brezku samningana voru riðnir, hafa fundið tilfinnanlega til þess, hversu málið var illa í hendur þeirra búið og hversu skýrslugerð sú, sem þeir þurftu að styðjast við héðan að heiman, var ófullnægjandi.

Einstakar greinar frumvarpsins þurfa ekki skýringar við. Þó skal þess getið að því er ísfiskútflutning snertir, að þar er krafizt, að lagt sé fram afrit af sölureikningum frá þeim stað, þar sem varan var seld, en slíkt er alveg óhjákvæmilegt, þar sem þungi vörunnar er að jafnaði ekki nægilega kunnur, þegar varan fer frá landinu, og auk þess er hér um vöru að ræða, sem er á því verkunarstigi, að hún léttist töluvert á leiðinni yfir hafið. Það er því alveg óhjákvæmilegt að fá sem fyllstar upplýsingar um þunga og tegund vörunnar, eins og hún er á ákvörðunarstaðnum.

Auk þess getur það í framtíðinni haft mjög mikla visindalega þýðingu að fá skýrslurnar sundurliðaðar á þann hátt, því það er eina tækifærið, sem vér höfum til þess að fylgjast með í hlutföllunum á milli tegunda aflans og samsetning fiskimagnsins, að minnsta kosti að því er togaraaflann snertir, en botnvarpan er það veiðarfæri, sem sundurgreinir minnst tegundirnar, og má því ganga út frá því sem vísu, að hún sýni betur en nokkurt annað veiðarfæri rétt hlutfall á milli tegunda.

Það eru því þarna slegnar tvær flugur í einu höggi, fengin fullnægjandi skýrslusöfnun til undirbúnings verzlunarskýrslna, og handhægur aðgangur og efni til seinni tíma visindalegra rannsókna.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að skýrslur þessar nái aðallega yfir magn vörunnar. Þó er gert ráð fyrir í 7. gr., að ríkisstjórnin geti, þegar henni þykir ástæða til, látið skýrslurnar einnig ná yfir verðmæti vörutegundanna.

Að öðru leyti þarf frumvarpið ekki skýringa við“.